*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 141/239*
*komudagur 29.10.2012*

Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 29. október 2012
*1210030 KÁ*

Efni: Umsögn um frv. til laga um Ábyrgðasjóð launa

Jafnréttisstofu hefur borist til umsagnar frv. til laga um breytingar á lögum nr. 88/2003 um Ábyrðgarsjóð launa. Jafnréttisstofa gerir ekki athugasemdir við frumvarpið enda verðu rekki annað séð en að það nái jafnt til beggja kynja.

Virðingarfyllst,

Kristín Ástgeirsdóttir
framkvæmdastýra

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1002
komudagur 12.12. 2012

Alþingi
Velferðarnefnd
150 REYKJAVÍK

Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 11. desember 2012
Tilvísun: 2012101209ÞS/--

Persónuvernd vísar til tölvubréfs efnahags- og skattanefndar Alþingis frá 19. október 2012 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/2003 um Ábyrgðarsjóð launa (þskj. 198, 195. mál á 141. löggjafarþingi).

Frumvarpið varðar ekki vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd gerir því ekki athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllst

Þórður Sveinsson

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 141/270*
*komudagur 31.10.2012*

Samiðn
SAMBAND IÐNFÉLAGA

Nefndarsvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 31. okt. 2012

Umsögn Samiðnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/2003.

Samiðn telur að með frumvarpinu sé verið að bæta réttarstöðu starfsfólks sem starfar hjá fyrirtækjum sem hafa starfsemi í öðrum löndum, en þau hafa staðfestu í þeim tilfellum þegar fyrirtæki verða gjaldþrota eða vanhöld eru á kjarasamningsbundnum réttindum s.s. orlofi
Hins vegar vill Samiðn vekja athygli á orðalagi í fyrstu grein frumvarpsins er þar er talað um "að jafnaði" sem er nokkuð óljóst hvað þýðir, ekki síst með tilliti til tímalengdar. "Að jafnaði" getur verið nokkuð teygjanlegt og skapar réttaróvissu sé ekki kveðið skýrar að orði og ekki um frekari skilgreiningar að ræða í athugasemdum með frumvarpinu. Æskilegt er að lögin kveði skýrt á um hvað" að jafnaði" þýðir m.a. með tilliti til tímalengdar.

F.h. Samiðnar, sambands iðnfélaga

Þorbjörn Guðmundsson


Borgartúni 30 – 105 Reykjavík – Sími 5356000 – Fax 5356020 – Kt. 650593-2009 – Netfang: postur@samidn.is – Veffang: www.samidn.is